

Sp. 503. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar, allt að þriggja milljóna króna lán, sem Vestmannaeyjakaupstaður tekur til þess að standast kostnað við stækkun rafstöðvarinnar og við endurbætur á rafleiðslukerfi bæjarins.

Greinargerð.

Með ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja var þingmanni kjördæmisins falið að flytja það mál á Alþingi, er hér ræðir um.

Stækkun og endurbót á rafstöð og rafleiðslum í Vestmannaeyjum er orðin mjög aðkallandi. Bærinn býr við mjög léleg skilyrði, hvað rafmagn snertir. Hinar hraðfara framfarir, sem orðið hafa í Vestmannaeyjum í útgerð, skipasmíðum, fiskiðnaði og öðrum iðnaði, kalla mjög á aukið rafmagn, bæði til ljósa og iðnaðar.

Sú aukning, sem nú stendur fyrir dyrum, er aðkallandi nauðsyn fyrir þá miklu framleiðslu á útflutningsvörum, sem fer fram í Vestmannaeyjum.

Nánar í framsögu.